



# FUNDARGERÐ

278. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fjarfundi (TEAMS)  
miðvikudaginn 8. apríl 2020 kl. 15:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, Björg Björnsdóttir og Aðalsteinn Þórhallsson framkvæmdastjóri.

## Dagskrá:

1. Covid-19 – staðan hjá HEF
2. Fljótsdalshérað ljóstengt
3. Aðkoma stjórnvalda að fráveituframkvæmdum 2020-2030
4. Fjárstreymisáætlun og fjármögnunarþörf 2020
5. Yfirlit verkefna
6. Sumarstarfsmaður / -menn
7. Möguleg mótvægisverkefni við heimsfaraldur kórónuveiru
8. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

## 1. Covid-19 – staðan hjá HEF

Starfsmenn HEF hafa starfað eftir viðbragðsáætlun sem gerð var varðandi Covid-19 og hafa farið eftir tilmælum almannavarna. Engin röskun hefur verið hjá starfsfólki.

## 2. Fljótsdalshérað ljóstengt

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs fundaði um málið sl. mánudag. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri HEF mættu á fundinn. Þar var farið yfir kostnaðaráætlanir og aðrar forsendur verkefnisins. Niðurstaða þess fundar að Fljótsdalshérað sækir um frekari styrk til Fjarskiptasjóðs á grundvelli þess að nú hafa stjórnvöld ákveðið að setja meira fé í verkefnið Ísland ljóstengt. Framkvæmdastjóri HEF og bæjarstjóri munu vinna umsóknina. Framkvæmdastjóra falið að senda minnisblað til bæjarráðs í samræmi við umræður stjórnar á fundinum.

## 3. Aðkoma stjórnvalda að fráveituframkvæmdum 2020-2030

Samorka hefur gert athugasemdir við lagafrumvarpsdrög um stuðning stjórnvalda við fráveituframkvæmdir næstu 10 árin. Samkvæmt því verður auglýst eftir umsóknum árlega. Framkvæmdastjóri mun fylgjast með þróun mála og vinna að umsókn.

## 4. Fjárstreymisáætlun og fjármögnunarþörf 2020

Farið yfir áætlun framkvæmdastjóra um sjóðstreymi, horfur og útilit á árinu. Framkvæmdastjóra og varaformanni stjórnar falið að skoða valkosti í fjármögnunarleiðum.

Framkvæmdastjóra falið að skoða möguleika á að flýta framkvæmdum í sumar.

## 5. Yfirlit verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu og áætlun helstu verkefna sem eru í gangi og eru fyrirhuguð á árinu.

## 6. Sumarstarfsmaður / -menn

Stjórn felur framkvæmdastjóra að auglýsa eftir sumarstarfsmanni.

## 7. Möguleg mótvægisverkefni við heimsfaraldur kórónuveiru

Sjá m.a. afgreiðslu á lið 4 og 6.

## 8. Önnur mál

### a) Tímaskráningar og „Mínar síður HEF“

Framkvæmdastjóri kynnir hugmyndir að kaupum/áskrift að hugbúnaði fyrir „Mínar síður HEF“ og tímaskráningarkerfi fyrir starfsmenn félagsins. Samþykkt að fara í þessi verkefni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá þeim og kynna fyrir stjórn.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 17:50.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir

Fundargerð staðfest, \_\_\_\_\_ 2020

_____	_____
_____	_____
_____	_____